

Júlí
2021



Ársskýrsla leikskólans Hæðarbóls 2020-2021

GARÐABÆR, 1. JÚLÍ 2021

JÓNA RÓSA STEFÁNSDÓTTIR, LEIKSKÓLASTJÓRI HÆÐARBÓLS

Efnisyfirlit

Innra starf:	2
<i>Mat á innra starfi út frá starfs og matsáætlun</i>	2
<i>Ferilmöppur</i>	3
<i>Námssöguskráning</i>	3
<i>Lubbi í samveru</i>	4
<i>Róleg verkefni í lok dags</i>	4
Nýbreytni og þróunarverkefni:	4
<i>Núvitund í leikskólastarfi</i>	4
<i>Sögustundir, heimalestur og orðaskrímsli</i>	5
<i>Nýting húsnæðis í leikskólastafi</i>	5
<i>Sumar- og íþróttahátíð</i>	6
<i>Ævintýraferðir elsta árgangs</i>	6
<i>Þróunarverkefni</i>	6
Mannauður skólans:	7
<i>Menntun og fjöldi starfsfólks</i>	7
<i>Starfsþróun starfsfólks</i>	8
<i>Námskeið, sí og endurmenntun starfsfólks</i>	8
<i>Starfsmannasamtöl</i>	8
Barnahópurinn:	9
<i>Tölulegar upplýsingar, fjöldi barna á deild, tími og aldursdreifing</i>	9
<i>Stoðþjónusta - sérkennsla -samráðsfundir</i>	9
Foreldrasamstarf:	10
<i>Fyrsta viðtal</i>	10
<i>Kynningarfundir</i>	10
<i>Foreldrakönnun - Skólapúlsinn</i>	10
<i>Foreldrafélag og foreldraráð</i>	11
<i>Viðburðir</i>	12
Öryggismál:	13
Húsnæði og viðhald:	13
<i>Hvað gert var yfir árið</i>	13
<i>Viðhald á dagskrá</i>	14
<i>Viðhald sem óskað er eftir</i>	14
Lokaorð	15

Inngangur:

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber leikskólastjóra að gefa út sérstaka ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir mati á skólastarfi liðins starfsárs sem byggð er á skólanámskrá og starfsáætlun. Einnig kemur fram í lögnum að hver leikskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla með virkri þátttöku starfsmanna, barna og forelda eftir því sem við á. Einnig kveða löggin á um að leikskólinn birti opinberlega upplýsingar um innra mat skólans, tengsl þess við skólanámskrá og umbætur. Ársskýrsla þessi er unnin út frá starfs- og matsáætlun leikskólans.

Innra starf:

Hér verður greint frá mati á innra starfi leikskólans út frá starfs- og matsáætlun leikskólans. Starfsáætlunin skiptist í fjóra þætti, áherslur í uppeldisstarfinu, áherslur í foreldrasamstarfi, nýbreytni og þróunarverkefni, fræðsla, sí-og endurmenntun kennara/starfsfólks. Matsáætlunin skiptist í átta þættir, vinnustundir í útikennslu og núvitund, ferilmöppur, námsöguskráningar, Lubbi í samveru, nýting húsnæðis, róleg verkefni í lok dags og sögustundir, heimalestur og orðaskrímsli.

Mat á innra starfi út frá starfs og matsáætlun

Framkvæmd matsins og gagnaöflun var með fjölbreyttum hætti, matsteymið hittist tvisvar til að ræða og meta matsþættina. Foreldrakönnun er gerð annað hvert ár á vegum Skólapúlsins og notast var meðal annars við niðurstöður úr þeirri könnun til að meta starfið og endurskoða. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar starfsfólki á starfsmannafundi í mars og umræður fóru fram í kjölfarið. Niðurstöðurnar voru einnig kynntar á fundi leikskólastjóra með foreldraráði í júní. Könnunin er aðgengileg í heild sinni á heimasíðu leikskólans undir útgefið efni. Foreldrasamtöl eru tekin tvisvar á ári í október og febrúar/mars, þar er foreldrum veittar upplýsingar um starfið og stöðu og líðan barns í leikskólanum, í samtölunum gefst foreldrum tækifæri til að koma með athugasemdir og hugmyndir, sem nýtast vel í að meta starfið og starfshætti okkar.

Aðal matið fór fram á starfsdegi leikskólans 25. maí 2021 þar sem starfsfólkið vann markvisst að því að meta starfið. Starfsfólkinu var skipt upp í fjóra hópa. Hver hópur fékk tvo þætti til að meta út frá spurningunum;

- Hvað gerðum við vel?
- Hvað getum við gert betur?


Saman tókst starfsfólk leikskólans á við það að meta og svara þessum spurningum út frá viðmiðum í matsáætluninni. Í framhaldi af hópavinnu komu allir saman í salnum þar sem hver hópur kynnti sínar niðurstöður og umræður fóru fram um hvern þátt þar sem allir fengu tækifæri til að tjá sig. Síðan var aftur farið að vinna í hópum og fengu þá hóparnir spurningarnar;

- Hvernig ætlum við að gera þetta?
- Hver á að gera þetta?
- Fyrir hvern er þetta?
- Fyrir hvaða tíma á að vera búið að gera þetta?

Starfsfólk vann því sameiginlega að mati á innra starfi út frá starfs- og matsáætlun til þess að greina það sem gert hefur verið vel á liðnu starfsári og hvar við getum bætt okkur.

Ferilmöppur

Ferilmappa er leikskólamappa barns frá því það byrjar og þangað til það lýkur leikskólagöngu sinni. Í möppuna fara skráningar, verkefni og ýmislegt fleira. Viðmiðin í vetur voru þau að allir kennarar væru meðvitaðir og virkir í skráningum og að setja gögn í möppu. Fremst í hverri möppu er gátlisti yfir það sem á að fara í hana. Á matsfundi starfsmanna í vor var niðurstaðan að það sem við gerum vel í Ferilmöppunum var myndaskráningar úr vinnustundum. Það sem má bæta er að setja fleiri listaverk, teikningar og verkefni í möppurnar. Svo var hugmynd um að bæta við gullkornum. Ábyrgðaraðilar verða starfsmenn deildarinnar, deildarstjóri gefur starfmönnum sitt verkefni til að hafa umsjón með að hausti. Gátlisti er tilbúinn fyrir næsta haust. Þetta er fyrir börnin, foreldra og starfsfólk.



Námssöguskráning

Námssöguskráning stendur fyrir myndaskráningar úr leiks og starfi, viðmiðin fyrir þennan vetur voru að hver verkefnastjóri gerði tvær myndaskráningar fyrir hvert barn, eina fyrir áramót og aðra eftir áramót og settar í ferilmöppu barnsins. Kennarar fylgdu þessu mjög vel eftir og eru skráningarnar eins og þau viðmið sem við settum okkur. Reyndar voru ekki gerðar skráningar í öllum vinnustundum fyrir áramót vegna þess að eitthvað var um að vinnustundir féllu niður þegar Covid-19 stóð sem hæst, en þá var bætt úr því eftir áramót og allir með tvær skráningar í hverri vinnustund nú í vor. Starfsfólk var einróma um það að skráningar eru skemmtilegar minningar fyrir börnin og gaman fyrir þau að fletta í gegnum möppuna sína og rifja upp leikskólagönguna sína. Þetta er klárlega gagnlegt og áhugavert fyrir börnin og foreldra þeirra, ásamt því að starfið verður sýnilegra og eykur tengsl á milli leikskóla og heimilis.

Lubbi í samveru

Í vinnustundum í bernskulæsi er meðal annars notast við námsefnið Lubbi finnur málbein eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur, talmeinafræðing. Námsefnið miðar að því að kenna börnum að læra að þekkja íslensku mállhjóðin ásamt því að læra að tengja saman hljóðin. Börnin fara einusinni til tvisvar sinnum í viku í bernskulæsi og ákveðið var að auka við Lubba námið og vinna markvisst með það í samverustundum á hverjum degi. Þetta gekk ágætlega en ekki höfðu allir starfsmenn sama grunn í námsefninu og treystu sér ekki til að kenna það. Til að bæta úr því fóru fjórir kennarar á námskeið í Lubba námsefninu sem gafst vel og hleypti þessu af stað. Starfsfólk var ánægt með þetta. Við æfðum okkur líka á starfsmannafundum þar sem þeir sem kunna verklagið og kennsluefnið mjög vel tóku hina í æfingu. Þannig miðlum við þekkingu á milli starfsmanna og viðhöldum þekkingunni innan leikskólans.

Róleg verkefni í lok dags

Dagurinn vildi oft enda í salnum í miklum ærsla leikjum með tilheyrandi hávaða og látum, sem var oft áberandi þegar foreldra komu að sækja börnin sín og þau oft ekki tilbúin að fara heim, sem skapaði togstreitu. Því lögðum við upp með í starfsáætlun að skapa ró í lok dags. Gengið frá öllu rétt fyrir fjögur og boðið upp á róleg verkefni það sem eftir er af leikskóladeginum. Það er gott að ljúka deginum með því að teikna, púsla, spila, leira og þess háttar. Þetta fór ekki almennilega í gang þar sem við lukum við daginn í útiveru vegna Covid-19 og síðan kom vorið með góða veðrinu og höfum við ekki breytt því að skila börnunum úti í lok dags. Við ætlum að vinna áfram að þessu markmiði og komu fullt af góðum hugmyndum frá starfsfólki á matsdeginum okkar, svo sem að útbúa kósýhorn, hafa rólega tónlist og bækur. Í rólegustundunum verður notað borð í salnum og boðið upp á efnivið sem er ekki alltaf í boði. Að gera þetta er hagur allra, barna, foreldra og starfsmanna og endum daginn á rólegum nótum.

Nýbreytni og þróunarverkefni:

Í starfsáætlun leikskólans var lagt upp með fjóra þætti í nýbreytni fyrir skólaárið, sögustundir, heimalestur og orðaskrímsli, núvitundarstundir með elstu börnunum, sumar og íþróttahátíð og ævintýraferðir með elstu börnin.

Núvitund í leikskólastarfi

Núvitund var alveg ný af nálinni í starfi á Hæðarbóli og var því ákveðið að prófa það með elsta árgangi leikskólans. Lagt var upp með að vera með núvitundarstundir einu sinni á dag, fyrir hádegismat, hugmyndin með þessu verkefni var að koma innri ró á meðal barna í hraða samfélagsins. Viðmiðin sem sett voru, að öll börn myndu njóta einnar núvitundarstundar á dag. Ekki náðist að koma þessu á og spiluðu nokkrir þættir þar inn í. En með endurskoðun þar sem þetta var ekki að ganga eftir og ekki allir starfsmenn sem treystu sér í verkefnið var ákveðið að

setja núvitund inn í vinnustundir þannig að nú verði ein núvitundarstund, einu sinni í viku. Við vorum með jógakennara í starfsmannahópnum sem tók verkefnið að sér. Þessar stundir tókust vel og fannst börnunum mjög notalegt og skemmtilegt að fara í þær. Á matsfundi starfsmanna nú í vor 2021 var starfsfólk sammála um að þetta hafi tekist mjög vel og niðurstaðan að þessar stundir væru komnar til að vera og ætti að bjóða upp á þær fyrir öll börn í leikskólanum.

Sögustundir, heimalestur og orðaskrímsli

Þetta verkefni var sett á fyrir nokkrum árum en náði aldrei neinu flugi, því var ákveðið að taka þetta föstum tókum þetta skólaár. Byrjað var strax í september og fór framkvæmd þess þannig að börnin skiptust á að vera svokallaður bókaormur vikunnar. Börnin völdu sér bók heima sem foreldri las með þeim, þau völdu tvö orð sem þau skildu ekki í bókinni og fengu útskýringu á þeim hjá foreldrum og komu síðan með bókina og orðin í leikskólann þar sem kennarinn las bókina fyrir hópinn, barnið sagði síðan frá orðunum og þau síðan sett í orðaskrímslið sem búið var til um haustið. Á matsfundi starfsmanna nú í vor 2021 var starfsfólk ánægt með verkefnið, börn voru mjög áhugasöm og glöð og foreldrar mjög duglegir að taka þátt í því með þeim. Þetta verkefni er komið til að vera. 😊



Nýting húsnæðis í leikskólastafi

Einnig var ákveðið á matsfundi leikskólans vorið 2020, að nýta húsnæði leikskólans betur. Starfið hafði verið skipulagt þannig að allir væru inni á sama tíma og allir úti á sama tíma. En eftir fyrstu bylgju Covid-19 kom berlega í ljós að betra væri að vinna með börn í smærri hópum og gefa þeim meira rými í nám og leik. Því var ákveðið að nýta bæði inni og útileiksvæði á sama tíma. Vinnustundir voru því skipulagðar þannig að öll rými/herbergi leikskólans voru nýtt ásamt útisvæði. Eins var þetta gert í frjálsum leik en þá var bæði í boði að leika inni eða úti og höfðu börnin val um að vera inni eða úti. Í matartímum var einnig allt húsið nýtt, einn hópur að borða, einn úti og ein inni. Þetta reyndist vel og á matsfundi starfsfólks nú í vor 2021 var ákveðið að halda áfram með þetta og skerpa en betur á þessu. Þetta veitir börnunum meira rými og val.

Sumar- og íþróttahátíð

Hefð er fyrir því að halda íþróttasumarhátíð í samstarfi við foreldrafélagið, ásamt einum hjóladegi. Í ár breyttum við út af vananum hældum sumarhátíð í samstarfi við foreldrafélagið og svo íþrótt- og hjóla dag. Á sumarhátíðinni voru stöðvar um allan garð, hoppukastali í boði foreldrafélagsins og grill og í lokin. Við fengum gott veður og dagurinn tókst einstaklega vel. Íþrótt- og hjóladagurinn var svo annan dag, líka í góðu veðri, sem hófst á leikskólahlaupi sem var nýtt, börnin hlupu hring á lóðinni og fór fjöldi hringja eftir aldri barns. Verðlaunaskjöl voru að loknu hlaupi. Börnin komu með hjól eða hlaupahjól að heiman og hjóluðu á nýmalbikuðu bílastæðinu. Einnig komu börnin með grænmeti í leikskólann sem þau settu í stóran pott í salnum, Wang og Berglind í eldhúsinu framreiddu dýrindis grænmetissúpu í hádeginu eftir alla hreyfinguna. Dagurinn var góður 😊



Ævintýraferðir elsta árgangs

Farið var í eina ævintýraferð í desember með tvo elstu árgangan í leikskólanum. Þá var farið að morgni eftir morgunmat og komið heim aftur um tvö leitið. Þau tjölduðu, elduðu sér hádegismat á prímusi og fóru í leiki. Það var mikil upplifum að vera úti í náttúrunni í myrkri og kulda í heilan dag, það voru þreytt, glöð og reynslunni ríkari börn sem komu heim í leikskólann eftir þessa ævintýraferð. Útikennsla var í allan vetur þar sem þrír elstu árgangar leikskólans fóru í ferð vikulega og unnu fjölbreytt og skemmtileg verkefni.



Þróunarverkefni

Ekkert nýtt þróunarverkefni hófst þetta skólaár en haldið var áfram að innleiða og festa í sessi þróunarverkefnið um þróun leikskólakennslu með áherslu á að nýta sérhæfða fagþekkingu leikskólakennara í vinnustundum í samþættu og skapandi leikskólastarfi. Verkefnið hófst haustið 2018 og lauk vorið 2020. Verkefnið byggðist upp á því að kennarar fái tækifæri til að fást við þann námsþátt sem kennarar hafa áhuga á og eru sterkir í og að öll börn fái að njóta þess besta í nám og leik. Börn og kennarar flæddu með skipulögðum hætti milli deilda um allt hús og út í garð í vinnustundum 10 vikur á haustönn og 10 vikur á vorönn.

Námsþættirnir sem voru í boðið í vetur voru: bernskulæsi, stærðfræði, lífsleikni, myndsköpun, útikennsla, íþróttir, spil, tónlist og kór. Erfitt reyndist að halda þessu skipulagi gangandi vegna COVID takmarkana strax í september. Því voru góð ráð dýr og hafist var handa við að finna lausnir og ákveðið var að hver deild setti upp skipulag inn á sinni deild og kennarar skiptu með sér námsþáttum eins og þeir treystu sér til. Um leið og opnaðist aftur með léttari takmörkunum var unnið í lotum, þvert á deildar þar sem kennarar tóku sín fög. Öll börn fengu að kynnast öllum námsþáttum í vetur, þótt það væri með breyttu sniði og loturnar urðu styttri í ár eða 2x fimm vikur eftir áramót. Á matsfundi nú í vor 2021 voru allir sammála um að betra væri að vinna í styttri lotum, því var ákveðið að vera með 2x fimm vikur fyrir áramót og 2x fimm vikur eftir áramót, þetta fækkar vinnustundum og gefur meira svigrúm fyrir frjálsum leik barnsins. Þetta skapaði mikla ró í starfsmannahópnum, kennarar fengu meiri tíma með hvern hóp í hvert skipti þótt tímarnir væru færri þá nýttust þeir betur. Magn er ekki alltaf sama og gæði. Með þessu fyrirkomulagi fá allir að njóta allra námsþátta á sama tíma og njóta sín í frjálsum leik, bæði úti og inni.

Matið í ár sýnir okkur að við þurfum alltaf að vera í sífelldri endurskoðun og meta starfið og starfshætti, til að aðlaga okkur að nýjum eða breyttum aðstæðum ef á þarf að halda.

Mannauður skólans:

Menntun og fjöldi starfsfólks

Á Hæðarbóli starfar mikið af vel menntuðu og reynslumiklu fagfólki. Nokkrar breytingar áttu sér stað í byrjun skólaárs í stjórnenda teymi skólans, Sigurborg leikskólastjóri lét af störfum eftir fimm ára farsælt starf og nýr leikskólastjóri tók við. Einnig voru ráðnir nýir deildarstjórar á tvær eldri deildarnar. Í vetur störfuðu að jafnaði 22 starfsmenn í 17,24 stöðugildum. Átta leikskólakennarar, einn uppeldis og menntunarfræðingur, þrír þroskaþjálfarar, einn íþróttfræðingur, einn listmeðferðafræðingur, einn viðskiptafræðingur sem stundar nám við HÍ í Menntunarfræðum leikskóla, tveir sálfræðinemar, einn með BA í lögfræði og BS í viðskiptafræði og stundar nám í félagsráðgjöf. Þrír leiðbeinendur með stúdentspróf og tveir með grunnskólapróf.

Tveir starfsmenn vorum með námssamning við Garðabæ og fengu styrk til að stunda nám. Annar starfsmaðurinn stundar nám í Menntunarfræðum við Háskóla Íslands og er að sækja sér leikskólakennaramenntun, hinn starfsmaðurinn er leikskólakennari og stundar nám í menntun án aðgreiningar við Háskóla Íslands og lauk meistaraþáttum í því nú í vor 2021. Síðan vorum við með þrjú starfsmenn sem voru að vinna í hlutastarfi í leikskólanum með námi.

Starfsþróun starfsfólks

Þjóðfélagið var fljótt að bregðast við breyttu landsagi varðandi framkvæmd námskeiða og fræðslu. Mikið af námskeiðum og fræðslu fyrir starfsfólk var í boði á rafrænu formi. Starfsfólkið á Hæðarbóli var nokkuð duglegt og áhugasamt um að sækja sér þekkingu til að þróast í starfi, sem sýnir að starfsfólk er tilbúið að takast á við áskoranir. Með þessu fyrirkomulagi var auðveldara fyrir starfsfólk að mæta þar sem þetta tók miklu styttri tíma að setjast niður við tölvuna í vinnunni og taka þátt í fræðslu/námskeiðum. Einnig var starfsfólk duglegt við að deila þekkingu og reynslu sinni innan hópsins, verkefnastjórar kynntu vinnustundir sínar á starfsmannafundum í vetur. Hér í töflunni fyrir neðan má sjá hvaða námskeið starfsfólk leikskólans sótti í vetur:

Námskeið, sí og endurmenntun starfsfólks

Námskeið	Þátttakendur
Liðsheild á krísutímum, rafrænt námskeið á starfsdegi	Allir starfsmenn
Velferð barna, rafrænt fyrirlestur á starfsdegi	Allir starfsmenn
Kvíði barna – Kraganámskeið	Þrír starfsmenn
Vináttuverkefnið Vinaheill	Tveir deildarstjórar
Vinnuvernd - áhættumat	Leikskóalstjóri
Lubbi finnur málbein	Fjórir starfsmenn
Húmor virkar í alvöru	Skóla- og aðstoðarskólastjóri
Hvað er einhverfa, rafrænt	Sérkennslustjóri
Snemmtæk íhlutun, rafrænt	Sérkennslustjóri
Handleiðsla - leikskólastjóra Garðabæjar	Leikskólastjóri
Uppeldi til ábyrgðar, námskeið í Sveinatungu á starfsdegi	Allir starfsmenn
Kynning á vinnustundum í bernskulæsi á starfsmannafundi	Allir starfsmenn
Kynning á vinnustundum í tónlist á starfsmannafundi	Allir starfsmenn
Kynning á vinnustundum í lífsleikni á starfsmannafundi	Allir starfsmenn
Kynning á tákni með tali sérkennslustjóri	Allir starfsmenn
Teams- námskeið/kynning	Leikskólastjóri
One- námskeið/kynning	Stjórnendur leikskólans

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram í mars 2021 sem leikskólastjóri tók. Í samtölunum kom fram almenn ánægja og góð líðan í starfi. Jákvætt og gott andrúmsloft er í húsinu og gott samstarf milli deilda og við hugsum húsið sem eina heild. En hins vegar kom fram að starfsfólk vill skerpa á vinnu með árgöngunum og er það komið í farveg. Einnig kom fram að haustið hafi verið erfitt þar sem að við þurftum að vinna í hólum og breytti það starfsemi aðeins og erfitt að hitta færra starfsfólk. Á heildina litið ríkir mikil gleði og starfsánægja innan starfsmannahópsins sem tónar við niðurstöður úr foreldrakönnunni þar sem foreldrar nefndu ánægju sína með gott og faglegt starfsfólk. Þau upplifðu jákvæðni, gleði og væntumþykju.

Barnahópurinn:

Tölulegar upplýsingar, fjöldi barna á deild, tími og aldursdreifing

Hæðarból er þriggja deilda leikskóli með 54 börn. Leikskólinn er opinn frá 7.45 – 17.00 mánudag til föstudags og geta foreldrar keypt tíma sem er á bilinu fjórar til níu dvalarstundir á dag fyrir barnið sitt. Dvalarstundir barna í leikskólanum voru 444 alls á dag eða að meðaltali 8,22 á hvert barn. Flest börn voru með dvalartímann milli 8 og 8 ½ eða 45 börn, 20 börn með átta stundir á dag, 10 börn með átta stundir og fimmtán mínútur á dag og 15 með börn með átta og hálfu stund á dag. Fjögur börn voru með dvalarstundir undir átta stundum enginn með undir 7 stundum og fimm börn með yfir átta og háfa stund á dag. Fimm börn voru með tíma fyrir átta að morgni og nýttu þau þann tíma, sjö börn voru með tíma eftir hálf fimm á daginn 2 með tíma til 16.45 og fimm til 17. Eitt barn notaði tímann til 17 að staðaldri. Niðurstaðan er því þessi að flestir þurfa á 8 – 8 ½ tíma að halda fyrir börnin sín á tímanum 7.45 – 16:30 á daginn.

Víðisel	Stúlkur	Drengir	Samtals
1018	5	4	9
2019	4		4
Samtals börn			13

Birkisel	Stúlkur	Drengir	Samtals
2015	3	2	5
2016	5	5	10
2017	2	4	6
Samtals börn			21

Furusel	Stúlkur	Drengir	Samtals
2015	1	2	3
2016	6	4	10
2017	0	7	7
Samtals börn			20

Stoðþjónusta - sérkennsla -samráðsfundir

Stoðþjónusta er starfandi í Garðabæ og við hana starfa sérkennslufulltrúi, talmeinafræðingur og sálfræðingur, sem sérkennslustjóri leikskólans vinnur með. Talmeinafræðingur kom í tvo heila daga á sex vikna fresti og var með börn í þjálfun, lagði fyrir þau próf, var með skilafundi með foreldrum og veitti ráðgjöf.

Sérkennslustjóri vann með 11 börnum í vetur, með margvíslegum hætti, í tengslum við félagsfærni, einbeitingu, málörvun, framburð, skilning og tjáningu. Eitt barn er tvítyngt og er með orðabók þar sem unnið er að því að efla málþroska þeirra í samstarfi við heimili. Tvö börn voru með úthlutaða stuðningstíma daglega vegna hegðunarerfiðleika og einhverfu. Annað barnið fær sjö og hitt sex tíma á dag sem jafngiltu rúmlega einu og hálfu stöðugildi. Tveir þroskaþjálfar sáu um stuðning og þjálfun barnanna. Teymisfundir eru haldnir reglulega með teymi þeirra barna sem við á. Foreldrar eru vel upplýstir um þá þjálfun sem á sér stað hverju sinni með þeirra barni.

Samráðsfundir með sérkennslufulltrúa, sérkennslustjóra leikskólans, talmeinafræðingi, sálfræðingi og leikskólastjóra voru að öllu jöfnu annan hvern mánuð. Góð samvinna er í teyminu og gott er að geta leitað ráða hjá þeim ef á þarf að halda. Túlkur var ávallt kallaður til þegar fundað var með foreldrum barna með annað tungumál að móðurmáli en íslensku.

Foreldrasamstarf:

Fyrsta viðtal

Í júní 2020 voru allir nýir foreldrar boðaðir í samtal með deildarstjóra og leikskólastjóra þar sem þeim var kynntur leikskólinn, farið var yfir helstu áherslur í starfi, leikskólasamningur um dvöl barnsins undirritaður, rætt um aðlögun og annað sem foreldrar óska eftir.

Kynningarfundir

Venjan er að halda kynningafund fyrir foreldra að hausti en samkomutakmarkanir í Covid-19 faraldrinum komu í veg fyrir kynningarfundinn. Deildarstjórar sendu kynningarbréf í upphafi skólaárs til foreldra um innrastarf leikskólans. Einnig sendu deildarstjórar fréttabréf á föstudögum til foreldra um hvað hafði verið gert í liðinni viku og hvað væri á döfinni.

Foreldrakönnun - Skólapúlsinn

Garðabær sendir út könnun á foreldra annað hvert ár sem Skólapúlsinn heldur utan um, yfir 80% svarhlutfall þarf að nást til að fá marktækar niðurstöður. Hægt er að svara könnuninni á þremur tungumálum íslensku, ensku og pólsku. Hæðarból var með 91.3% svarhlutfall sem telst vera mjög gott. Könnunin inniheldur 31 matsþátt í sex flokkum sem eru daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, stuðningur og sérfræðiþjónusta og opin svör. Niðurstöður úr könnunni komu mjög vel út.

Daglegt leikskólastarf: undir matsþættinum daglegt skólastarf var spurt um, ánægju með leikskólann, ánægju með stjórnun, ánægju barnsins í leikskólanum, álit fjölda barna á deild, hollustu matarins og ánægja með húsnæði og aðstöðu. Allir þættir mældust yfir 86,5% nema einn sem var ánægja með húsnæði og aðstöðu sem var rétt undir 70%.

Námsumhverfi: spurt var um námsumhverfi, vinnubrögð, aðstöðu, félagsleg samskipti og þátttöku án aðgreiningar allir þættir mældust með ánægju yfir 94%.

Samskipti við foreldra: spurt var um upplýsingamiðlun, þekking á stefnu og námsskrá leikskólans, tengsl við starfsfólk leikskólans, hvatning foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu, tímasetning viðburða og heimasíða leikskólans. Fimm af sex þáttum mældust með ánægju yfir 80% og þar af þrjú yfir 90% ánægju aðeins einn af þessum sex þáttum með undir 70% en það er hvatning foreldra til að taka þátt í leikskólastarfinu.

Upphaf og lok leikskólagöngu: spurt var um þrjú þætti, leikskólabyrjun, flutning barna milli deilda og flutning barna milli skólastiga. Foreldrar voru ánægðir með þessa þætti allir mældust með ánægju yfir 80%.

Opnar spurningar:

Lýstu því hvað þér þykir **gott** við leikskólann þinn: Þarna fengum við svör frá 24 einstaklingum af 42 sem tóku könnunina, þau orð eða setningar sem komu oftast fyrir voru; barninu mínu líður vel í leikskólanum, gott viðmót og faglegt starfsfólk en þessi skilaboð komu fram tíu sinnum. Andrúmsloft jákvætt, gleði ánægja, fámennur skóli, nálægðin mikil, gleði, ánægja og væntumþykja komu fyrir átta sinnum. Gott starf og faglegt starf í leikskólanum sex sinnum. Við erum ánægð og þakklát fyrir þessi ummæli.

Lýstu því hvað þér þykir **betur megi fara** í leikskólanum:

Við þessari spurningu fengum við 20 svör af þeim 42 sem svaraði.

Það sem var oftast nefnt var aðstaðan í leikskólanum, það þyrfti að stækka skólann til að bæta aðstöðuna inni og taka þarf garðinn í gegn. Þetta var tekið fram fimm sinnum. Einnig voru fjórir sem nefndu það að þeim líkaði ekki að hafa blandaða aldurskiptingu á deildum og vilja láta endurskoða það að hafa árgangana saman á deild.

Ein auka spurning var í lokin um ánægju með viðbrögð leikskólans við Covid-19 og niðurstaðan við henni var 100% ánægja með þau. 😊

Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldrafélag og foreldraráð eru starfandi við leikskólann eins og lög gera ráð fyrir. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn árlega að hausti þar sem foreldrum er kynnt starfsemi félagsins og kosið í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráðs. Ekki var haldinn aðalfundur þetta haust vegna aðstæðna í þjóðfélaginu, en sitjandi stjórn félagsins skoðaði hugmynd um að vera með fund á stafrænu formi en ákváðu svo að sama stjórn myndi sitja annað ár. Foreldrafélagið fundaði ekkert innan leikskólans en var í góðum tölvusamskiptum við leikskóalstjóra ásamt því að

formaður félagsins fékk fundagerðir stjórnendafunda leikskólans. Foreldrafélagið bauð upp á nokkra viðburði í leikskólanum.

Foreldraráð var starfandi við leikskólann og þar var hafður sami háttur á að tveir af þremur ákváðu að halda áfram og einn nýr aðili bættist við, leitað var að framboðum með tölvupósti. Leikskólastjóri fundaði tvisvar á skólaárinu með ráðinu, í október og í júní. Fyrri fundurinn var á stafrænu formi en seinni fundurinn sem haldinn var nú í júní var í leikskólanum. Leikskólastjóri fór yfir hvernig skólaárið hefði gengið, fór yfir helstu niðurstöður í foreldrakönnunni, kynnti og sýndi þeim teikningar af lóðarframkvæmdum sem standa til að verði gerðar í sumar. Skólastjóri kynnti skóladagatal næsta skólaárs og óskaði eftir leyfi fyrir flutningi á starfsdegi vegna fyrirhugaðrar námsferðar vorið 2022. Foreldraráð fékk, eins og formaður foreldrafélagsins, fundargerðir stjórnendafunda leikskólans, sem voru haldnir að öllu jöfnu vikulega. Foreldraráðið las yfir og samþykkti starfs- og matsáætlun leikskólans í október.

Viðburðir

Foreldrafélagið bauð upp á leikrit í tilefni af 30 ára afmæli leikskólans, hoppukastala á sumarhátíð og danskennslu eftir áramót. Danskennslan endaði með dansýningu út í garði fyrir foreldra, sem var fyrsti og eini viðburðurinn sem foreldrar tóku þátt í þetta skólaárið. Í sýningunni dönsuðu allir saman börn, foreldrar og kennarar sem heppnaðist einstaklega vel og var mjög gaman að geta boðið foreldrum að koma og ljúka skólaárinu með okkur í góðri samveru.



Eftir danssýninguna var útskrift elstu barnanna inn í sal og fengu foreldrar að vera viðstaddir þar sem að einungis átta börn voru að útskrifast. Við áttum saman notalega stund.

Viðburðir í leikskólanum á starfsárinu voru þessir:

- Jólaskemmtun; helgileikur, jólaball og jólasveinar.
- Afmæli leikskólans; leikskólinn varð 30 ára 1. mars. Í ár og haldið var upp á afmælið í viku með fjölbreyttum uppákomum, s.s. fengum við barnabókarithöfund í heimsókn, barnaleikrit, listasmiðjur um allan leikskóla, kórinn fór og söng á Garðatorgi svo eitthvað sé nefnt.
- Sumarhátíð leikskólans
- Íþrótt- og hjóladagur
- Börnin í elsta hóp leikskólans setti upp leikssýningu Karnival dýranna
- Umferðarfræðsla

- Vasaljósadagur
- Þorrablót
- Dagur stærðfræðinnar
- Dúó og stemma í tónlistarskólanum
- Þemavika – eldfjöll og gos voru tekin fyrir á þemadögum.
- Útskriftarferð elstu barnanna út í Viðey

Öryggismál:

Öll slys eru skráð á þar til gerð eyðublöð sem eru geymd í möppu á skrifstofu leikskólastjóra, ásamt því að vera sett inn í One, rafræna skjalakerfið undir nafni og kennitölu barns. Sjö slysaskráningar voru skráðar, öll minniháttar og tvö börn þurftu að heimsækja bráðamóttökuna. Annað barnið fór úr olnbogalið og heimótti bráðamóttökuna þar sem olnboganum var kipt í lið, hitt barnið sem heimsótti bráðamóttökuna í varúðarskyni. Engin slys urðu á starfsfólki í leikskólanum.

Eldvarnareftirlit er í leikskólanum en mánaðarlega fara börnin ásamt kennara yfir öll öryggisatriði er varðar eldvarnaröryggi. Mánaðarleg skýrsla þar um er send á forstöðumann fasteigna þar sem gerð er grein fyrir stöðu mála, hvað er gott eða hvað má betur fara.

Slökkviliðið kom í sína árlegu heimsókn og áréttaði eldvarnirnar í leikskólanum og yfirfóru með stjórnendum það sem ábótavant var í brunavörnum leikskólans og skrifuðu skýrslu sem var send forstöðumanni fasteigna. Klemmuvarnir eru allar í góðu lagi og bregst forstöðumaður fasteigna hratt og örugglega við ef þær gefa sig. Eftirlit með garði er í góðum höndum Þóris Sigursteinssonar sem kemur reglulega í heimsókn, fer yfir garðinn og fylgist með því að alls öryggis sé gætt. Garðurinn var genginn daglega og yfirfarinn af starfsfólki leikskólans sem skráir og merkir við ef einhverju er ábótavant.

Húsnæði og viðhald:

Hvað gert var yfir árið

Innandyra: Í júní var farið af stað í miklar breytingar á leikskólanum. Byrjað var á því að skipta um gólfduk á öllum deildum og lagður hiti í gólfín. Í lok ágúst var svo byrjað á því að taka öll baðherbergi á deildum í gegn og endurnýja, nýtt gólfefni, nýjar lagnir, klósett, vaskar, hillur, skápar og speglar. Einnig var sérkennsluherbergi leikskólans breytt í salernisaðstöðu fyrir starfsfólk þar sem að fyrir var aðeins eitt baðherbergi fyrir 20 starfsmenn og nýtt þvottahús. Leikherbergi í sameiginlegu rými leikskólans er nú sérkennsluherbergi. Þessar framkvæmdir

og breytingar hófust í ágúst 2021 og lauk í mars 2021. Breytingar koma mjög vel út og skipta leikskólann miklu máli.

Utandyra: Í október 2020 var bætt við leiktækjum fyrir yngstu börn leikskólans, fengum strætó og kofa sem var góð viðbót við annars fjörlíttinn garð fyrir yngstu börnin. Sandkassinn í garði yngstu barnanna var/er mjög fúinn og skipt var út nokkrum spýtum í kassanum. Gert var við leik-kastalann í stærri garðinum, rennistöng var farlægð og gati lokað, sem var gert af öryggisátæðum.

Viðhald á dagskrá

Eina sem er á dagskrá og hefur verið samþykkt og veitt fjármagn í er leikskólalóðin. Búið er að teikna lóðina og fara yfir með leikskólastjóra sem hefur samþykkt þær. Nú er bara beðið eftir að hafist verið handa, sem við vonum að verði von bráðar.

Viðhald sem óskað er eftir

Innandyra:

- **Eldhús þarf að taka í gegn, stækka og laga vinnuástöðu.**
- **Undirbúningsherbergi kennara:** laga gluggakistu, smíða skáp fyrir rafmagnssnúrur í kringum net, síma, sendi og prentara og loka hurðargati.
- **Skrifstofa leikskólastjóra:** fjarlægja skáp, nýjan gólfduk og mála.
- **Deildir leikskólans;** niðurföll í forstofum deilda
- **Utandyra:**
 - Laga steypu/múrskemmdir á húsinu og klæða húsið að utan.
 - Setja nýja þakkanta og ný ljós undir.
 - Skipta um alla glugga í leikskólanum
 - Skipta um allar útihurðir.

Lokaorð

Skólaárið tókst nokkuð vel eins og síðustu ár hér á Hæðarbóli. Það var þó ýmislegt sem hafði áhrif á leikskólastarfið fram að áramótum og gerði okkur aðeins erfiðara fyrir. Covid-19 hékk yfir okkur nánast allt skólaárið eða fram í mars með þeim takmörkunum sem því fylgdi. Mjög stórar framkvæmdir stóðu yfir nánast allt skólaárið, skipulagsbreytingar með nýjum kjarasamningum, aukinn undirbúningur leikskólakennara og stytting vinnuvikunnar, ásamt nýjum leikskólastjóra. Þetta gekk og ég vil þakka starfsfólkinu fyrir mikla þolimæði, útsjónarsemi, samvinnu og einstaklega mikla gleði á svona tímum. Starfið getur ekki gengið svo vel ekki nema allir standi saman og gangi í takt. 😊 Mannauður leikskólans er aðalmerki leikskólans. Í skólanum starfar mikið af áhugasömu og reynslumiklu fagfólki ásamt frábærum leiðbeinendum, í leikskólanum ríkir mikil gleði og starfsánægja. Foreldrum vil ég þakka fyrir gott og farsælt samstarf í vetur.

En við gerðum þetta ekki ein ég vil þakka stoðþjónustunni fyrir gott samstarf, tölvudeildin, kjaradeildin, áhaldahúsið og fasteignafélaginu sem voru okkur innan handar þegar á þurfti. En sérstakar þakkir vil ég færa leikskólafulltrúanum okkar, sviðstjóra fræðslu- og menningar sviðs og mannauðstjóranum, sem alltaf voru til taks og héldu vel utan um okkur á þessum krefjandi og ótrúlegu tímum.

Jóna Rósa Stefánsdóttir, leikskólastjóri Hæðarbóls

Garðabær 1. júlí 2021